

BORGARRÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 3. febrúar, var haldinn 5654. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Alexandra Briem, Elín Oddný Sigurðardóttir, Marta Guðjónsdóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Þorsteinn Gunnarsson, Ebba Schram, Ívar Vincent Smáráson og Hulda Hólmkelsdóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. janúar 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. janúar 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis, stgr. 1.240, ásamt fylgiskjölum. MSS22010338
- Kl. 9:14 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Umferðarskipulag við Hlemm og Hlemmtorg miðast að því að veita almenningssamgöngum og virkum ferðamátum forgang umfram umferð einkabíla. Það býr til meiri og betri borgarumhverfi þar sem er gaman að vera.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill minna á að það er fólk sem býr við Hlemm. Stundum er eins og það gleymist því svo mikil áhersla er lögð á að byggja upp „stemninguna“. Það eru t.d. engir djúpgámar fyrir íbúa til að koma frá sér rusli. Fyrir þá íbúa sem eiga bíla er ekki vitað hvort þeir megi aka með þungar og miklar vörur/vistir upp að dyrum sínum. Það eru leiðir og leyfi fyrir fyrirtæki að afferma vörur en hvar er leyfið fyrir íbúana? Það er heldur ekkert á svæðinu fyrir börnin. Í gögnum er talað um ofanvatnslausnir sem er orðið tísku hugtak. Ofanvatnslausnir eru mikilvægar víða um heim, en að þær séu gerðar að einhverju aðalatriði á svæði eins og við Hlemm er hjákátlegt. Hér er næg úrkoma til að vökva plöntur í beðum og á torgum. Annars er ýmislegt ágætt í þessum tillögum. Hlemmur-inn er reyndar ekki fallegur í augum margra. Hús Mathallarinnar myndi þola að byggt væri ofan á það, t.d. inndregin efri hæð og kæmi það í stað nýrra húsa. Götur umhverfis mætti endurbæta með t.d. hellulögn. Svæðin mætti gera mun grænni t.d. með trjágróðri í kerjum og afmarka svæði útveitingar og leiksvæði.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. janúar 2022, þar sem óskað er eftir heimild til að bjóða út framkvæmdir við stækkun, viðhald og endurbætur á leikskólanum Laugasól, Leirulæk 6, ásamt fylgiskjölum. USK22010168
- Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt er að bjóða út framkvæmdir við stækkun, viðhald og endurbætur við leikskólann Laugasól við Leirulæk og þar með fjölga leikskólaplássum um 50.

Samhliða viðbyggingu verði gerðar úrbætur á núverandi leikskólahúsnæði með uppfærslu í samræmi við nútímakröfur. Stækkun Laugasólar kemur í góðar þarfir til að mæta aukinni þörf fyrir leikskólapláss í hverfinu. Verkefnið er hluti af brúum bilið aðgerðaáætluninni sem miðar að því að mæta þörfum barnafjölskyldna fyrir leikskólapláss frá lokum fæðingarorlofs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Allar byggingar þurfa viðhald. Með eðlilegu viðhaldi er komið í veg fyrir stórfelldar skemmdir sem, ef þær ná að grassera upp að því marki, valda því að bygging er metin allt að ónýtt ef ekki alveg ónýtt. Nú þekkir fulltrúi Flokks fólksins ekki sögu byggingar Laugasólar. Byggingin þarfnast stórfelldrar viðgerðar og er óskað eftir samþykkt fyrir framkvæmd sem felur í sér viðgerð vegna rakaskemmda m.a. í kjallara. Borgin er með stóra, uppsafnaða viðhaldsskuld víða í borginni í húsnæði þar sem börn og ungmenni dvelja alla vikuna. Nú er komið að skuldadögum.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2022, um breytt skipurit umhverfis- og skipulagssviðs, ásamt fylgiskjöllum. MSS22020029

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 31. janúar 2022, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki samkomulag um uppbyggingu Háaleitisbrautar 1, ásamt fylgiskjöllum. MSS22010200
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að Sjálfstæðisflokkurinn taki virkan þátt í þéttingu byggðar með fyrirhugaðri uppbyggingu á bílastæðunum við höfuðstöðvar flokksins – Valhöll. Um leið skrifar flokkurinn undir samningsmarkmið Reykjavíkurborgar um að á reitnum verði 20% íbúða skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Félagsbústaðir hafa kauprétt á allt að 5% íbúða á umsömdu föstu verði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari tillögu felst að í stað skrifstofuhúsnæðis á suðaustur hluta lóðarinnar komi nýtt íbúðarhús með 29 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 76. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreining per íbúð/m² helst óbreytt. Auka á byggingarmagn. Þarna er þegar þröngt og líklega mun bílastæði skorta eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins sér málið í kynningu.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að endurnýjuðum samstarfssamningi við Háskóla Íslands um jafnréttisrannsóknir við Háskóla Íslands (RIKK) til tveggja ára, þ.e. frá 1. desember 2021 til 1. desember 2023 með vísan í hjálagða umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Kostnaður skv. samningnum er 4.000.000 kr. fyrir hvert ár sem færist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur. MSS22010302

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafa átt með sér farsælt samstarf á sviði jafnréttisrannsókna allt frá árinu 2000. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Yfir það heila er það mat fulltrúa Flokks fólksins að það sé ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að styrkja rannsóknir Háskóla Íslands. Ef sveitarfélögin eiga að koma að slíku væri eðlilegt að styrkur kæmi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Kostnaður skv. samningnum í þessu máli er 4.000.000 kr. fyrir hvert ár. Samstarf HÍ og Reykjavíkurborgar er mikilvægt að mati fulltrúa Flokks fólksins að öllu leyti og rannsóknir eru gríðar mikilvægar, m.a. jafnréttisrannsóknir. En þetta er spurning um hver borgar brúsann.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 25. janúar 2022, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki áframhaldandi samstarf við Icelandic startups um framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu auk þess að gerast bakhjarl í Gullegginu, stærstu frumkvöðlakeppni landsins. MSS21120164

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

- Kl. 10:05 tekur Skúli Helgason sæti á fundinum.
 - Kl. 10:08 tekur Eypór Laxdal Arnalds sæti á fundinum og Jórunn Pála Jónasdóttir vísar af fundi.
7. Kynningu á skýrslu stýrihóps um verkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi er frestað. MSS22010067
8. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 4. janúar 2022, um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hringrásarhagkerfið í Reykjavík ásamt tillögu um eigendastefnu Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig lagðar fram umsagnir umhverfis- og heilbrigðisráðs, dags. 20. janúar 2022, og umsögn stýrihóps um móttöku almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar, dags. 1. febrúar 2022. MSS21120167
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögur hópsins eru fjölmargar og framsæknar en borgarráð samþykkir eftirfarandi sem eigendastefnu: Reykjavíkurborg og fyrirtæki borgarinnar verði í forystu við þróun hringrásarhagkerfisins á höfuðborgarsvæðinu með áherslu á hringrásarhugsun allt frá skipulagi og uppbyggingu, betri nýtingu auðlinda, endurnýtingu, endurvinnslu, lengri líftíma, minni úrgangi og minni sóun.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Margt gott að segja um hringrásarkerfi en Reykjavíkurborg er þar ekki framarlega. Nú á að bæta úr því. En til hvers er verið að fá nágranna sveitarfélögin með? Er

ekki komið nóg af bs. fyrirtækjum? Mestur hluti gagnanna eru sjálfsögð mál sem ekki þarf að deila um. En þarna kemur fram að nýta á lífrænt efni til að gera moltu og metan— og nota í eitthvað? En í öðrum skjölum er ekki minnst á að verið sé að hugsa um að nýta metanið. Stóru spurningunni er enn ósvarað sem er hvað á að gera við metanið? Á að halda áfram að brenna því á báli? Þessar fyrirspurnir hefur fulltrúi Flokks fólksins ítrekað lagt fram en aldrei fengið nein svör.

9. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 4. janúar 2022, um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík, ásamt tillögu um eigendastefnu Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig lagðar fram umsagnir umhverfis- og heilbrigðisráðs, dags. 20. janúar 2022, og umsögn stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar, dags. 1. febrúar 2022. MSS21120162
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögur hópsins eru fjölmargar og framsæknar en borgarráðs samþykkir eftirfarandi sem eigendastefnu: Reykjavíkurborg og fyrirtæki borgarinnar verði áfram í forystu í orkuskiptum á Íslandi með áherslu á hreinorku og uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti 2. Ekki verði keyptir bílar og tæki til borgarinnar sem ganga fyrir jarðefnaeldneyti frá og með árinu 2022 og nái markmiðið einnig til leigu á bifreiðum og tækjum til skemmri og lengri tíma, eftir því sem nokkur er kostur. Allar bifreiðar og tæki í rekstri borgarinnar og fyrirtækja hennar nýti hreinorku eigi síðar en árið 2025 (útfösun jarðefnaeldsneytis). 3. Reykjavíkurborg og fyrirtæki borgarinnar beiti sér fyrir hraðri uppbyggingu innviða til að styðja við orkuskipti í samvinnu við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í gögnum er talað um hreinorku og að ekki verði keyptir bílar eða tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti á vegum borgarinnar frá og með 2022. Tillaga Flokks fólksins sem lögð var fram 18. nóvember sl. hljóðaði svona: Lagt er til að Reykjavíkurborg upplýsi að frá og með árinu 2024 muni útboð borgarinnar sem snúa að aðkeyptum leigubílaakstri eða bílaleigubílum ávallt miða við að bifreiðar þurfi að vera knúnar umhverfisvænu eldsneyti. Tillögunni var frestað og ekki heyrst af henni meir. Í skýrslunni virðist ekki vera gerður munur á mismunandi valkostum með tilliti til verðs og nýtingar. Verð metans er því í raun ekkert, það er bara brennt á báli. Söfnun mun aukast þegar GAJA kemst einhvern tíma í notkun. Auðvelt er að breyta bílum sem ganga fyrir bensíni svo þeir gangi fyrir metani. Ekki er fjallað um kostnað við að búa til vetni, en orkunýting við að búa til vetni með rafgreiningu er lítil og vetni verður af þeim ástæðum alltaf dýr kostur. Líklega nýtist ekki nema um 20% af orkunni. En starfshópurinn virðist telja alla kosti svipaða og segir í gögnum: „telur starfshópurinn að þau muni helst byggjast á þremur orkugjöfum næstu árin, þ.e. metani, rafmagni og vetni“. Mælt er með að starfshópurinn beri saman kostnað við valkostina.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 1. febrúar 2022:

Lagt er til að settur verði á fót starfshópur til að taka afstöðu til og útfæra tillögur um hringrásargarð á Álfsnesi. Hópurinn verði skipaður fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og SORPU bs. auk þess sem Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum atvinnulífsins verði boðið að skipa fulltrúa í hópinn. MSS21120167

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarstjóri leggur til að settur verði á fót starfshópur til að taka afstöðu til og útfæra tillögur um hringrásargarð á Álfsnesi. Hópurinn verði skipaður fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og SORPU bs. auk þess sem Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum atvinnulífsins verði boðið að skipa fulltrúa í hópinn. Engin ástæða er til að hafa nágrannasveitarfélögin með í þessu að mati fulltrúa Flokks fólksins. Nóg er komið að slæmri reynslu af bs-fyrirtækjum og þrátt fyrir að eigendastefnan hafi verið endurskoðuð og inn sett ákvæði um meiri upplýsingagjöf til eigenda og aðkomu þeirra hafa t.d. minnihlutafulltrúar enga aðkomu að ákvörðunum. Tryggja þarf í það minnsta að fulltrúar minnihlutans komi að borðinu og geti haft alvöru áhrif. Til þess þyrftu þeir að eiga fulltrúa í stjórn verkefnisins. Bygðasamlög eru einfaldlega ólýðræðisleg vegna þess að eigendur hafa litla aðkomu að ákvörðunum.

11. Lagt fram minnisblað fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. janúar 2022, um álagningu fasteignagjalda 2022, ásamt fylgiskjöllum. FAS21120010

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fasteignaskattar hækka gríðarlega milli ára og fara í 23 þúsund milljónir á árinu 2022. Þetta er hækkun upp á 6% milli ára. Athygli vekur að fasteignaskattur á heimilin hækkar um heil 9,6% sem er mikil hækkun milli ára.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borginni er haldið í heimatilbúnum lóðaskorti sem veldur því að fasteignaverð hækkar og hækkar sem leiðir til þess að fasteignaskattar hækka mjög mikið. Það veldur minni ráðstöfunartekjum heimilanna. Hækkunin er rosaleg. Fasteignaskatturinn á íbúðarhúsnæði hækkaði um 9,56% milli áranna 2021 og 2022 og 5,12% af atvinnuhúsnæði. Þessar staðreyndir eru svakalegar fyrir borgarbúa.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. janúar 2022, þar sem lögð er fram áætlun um framlagningu á mánaðar- og árshlutauppgjörum A-hluta og samanteknum reikningi A- og B-hluta Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022, ásamt fylgiskjöllum. FAS22010071

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að 10 m.kr. verði lagðar til reksturs Þjóðarleikvangs ehf. sem er í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar (50%), ríkisins (42,50%) og KSÍ (7,50%). Framlagið er til að standa straum af reglubundnum rekstri út árið 2021 og til 30. júní árið 2022. Framlagið verði samþykkt með fyrirvara um að ríkið og KSÍ leggi til sambærilegt framlag í hlutfalli við eignaraðild sína. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við tillöguna. MSS21120165

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að samþykkt sé viðbótarframlag sem fara á í undirbúning nýs þjóðarleikvangs, framlag Reykjavíkurborgar er að fjárhæð 10 m.kr. Reykjavík á helmingshlut í félaginu Þjóðarleikvangi. Vissulega er það hagur Reykjavíkurborgar að leikvangurinn verði í Reykjavík og nú er gert ráð fyrir að hann verði í Laugardalnum. Reykjavík sem stærsti aðilinn þarf að gæta að því að hafa mest áhrif á framkvæmdina. En það er svo spurning hvort Reykjavík eigi að vera svona stór aðili í þessu verkefni. Eðlilegt er að ríkið verði aðaleigandi og greiði mest. Þetta er jú þjóðarleikvangur, enda þótt borgin greiði helming af undirbúningsvinnunni.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. janúar 2022, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki leigusamning um hluta af húsnæði á Neshaga 1, ásamt fylgiskjöllum. FAS22010093
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú þarf Reykjavíkurborg að leita á náðir Neskirkju til að fá aðstöðu í kjallaranum fyrir skólastarf. Reykjavíkurborg hefur þurft að leita á náðir Hjalpræðishersins, Háskólabíós, Hótel Sögu og nú Neskirkju til að hýsa skólastarf sem ekki er hægt að starfrækja með eðlilegum hætti vegna myglu og vanrækslu viðhalds.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú má nota kirkju til skólastarfs. Það eru tíðindi þar sem kirkjuheimsóknnum skólabarna var útrýmt í tíð síðasta meirihluta. Já, karmað lætur ekki að sér hæða. Áður hefur Mímisbar á Hótel Sögu verið leigður til kennslu. Allt þetta sprettur upp af því að viðhaldi alls skólahúsnæðis í Reykjavík hefur ekki verið sinnt sl. áratug.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. janúar 2022, þar sem lagt er fram yfirlit yfir eignir sem eignasjóður er með á leigu þann 1. janúar 2022 vegna velferðarsviðs til framleigu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, ásamt fylgiskjöllum. FAS22010084

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Íbúasamtök Bryggjuhverfis um 2,5 m.kr. sem nemur um helmingi kostnaðar vegna veðurtjóns á flotbryggju Bryggjuhverfishafnar, í samræmi við hjálagða umsögn eignaskrifstofu. Kostnaður verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstaður 09205. MSS22010168

Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 26. janúar 2022, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 25. janúar 2022 á tillögu um að ráðist verði í stækkun leikskólans Sæborgar við Starhaga, ásamt fylgiskjöllum. SFS22020052
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að leikskólinn Sæborg við Starhaga verði stækkaður með nýrri viðbyggingu sem rúmi allt að 48 börn. Samhliða verði gerðar úrbætur á núverandi leikskólahúsnæði með uppfærslu í samræmi við nútímakröfur. Stækkun Sæborgar kemur í góðar þarfir í Vesturbænum þar sem eftirspurn eftir leikskólaplássum hefur farið vaxandi. Verkefnið er hluti af brúum bilið aðgerðaáætluninni sem miðar að því að mæta þörfum barnafjölskyldna fyrir leikskólapláss frá lokum fæðingarorlofs. Gert er ráð fyrir verkefninu í fimm ára fjárfestingaáætlun borgarinnar sem samþykkt var í desember.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að ráðast eigi loksins í stækkun leikskólans Sæborgar og farið verði í endurbætur á leikskólahúsnæðinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa margoft bent á að byggja ætti viðbyggingu við skólann til að fjölga leikskólarýmum þannig hægt verði mæta brýnni þörf barnafjölskylda fyrir leikskólapláss í Vesturbænum.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 12. janúar 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd menningar- og ferðamálasviðs, að hefja undirbúning á innkaupum að umbótum fyrir tengingar á vefsvæði Borgarbókasafnsins vegna uppfærslu á landskerfi bókasafna, ásamt fylgiskjöllum. PON22010015

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Karen María Jónsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Friðþjófur Bergmann, Styrmir Erlingsson og Pálína Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

19. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 12. janúar 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd velferðarsviðs, að hefja verkefnið heimilisþjónustu- og búsetukerfi velferðarsviðs, ásamt fylgiskjöllum. PON21120037

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Karen María Jónsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Friðþjófur Bergmann, Styrmir Erlingsson og Pálína Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

20. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 20. janúar 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að rafræn undirskrift geti komið í stað eiginhandarundirskriftar. Jafnframt er óskað eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ljúka verkefninu rafrænar undirritanir hjá Reykjavíkurborg, ásamt fylgiskjöllum. PON21120063

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins benti á það á sínum tíma að rafrænar undirskriftir hafa verið í notkun í mörg ár hjá Barnavernd Reykjavíkur. Af einhverjum ástæðum komu fulltrúar þjónustu- og nýsköpunarsviðs algjörlega af fjöllum þegar fulltrúinn benti á þetta. Rafrænar undirskriftir hafa verið í notkun hér á landi og erlendis í mörg ár. Bankar og margar opinberar stofnanir ríkisins hafa notað slíkar undirskriftir lengi. Fram kemur að þróunarteymi þjónustu- og nýsköpunarsviðs hafi verið að undirbúa þetta verkefni með því að taka notendaviðtöl við borgarstarfsmenn sem hafi sumir hverjir efast um lögmæti rafrænna undirskrifta. Hvernig má það eiginlega vera að þegar innleiðing á lausn sem fyrir löngu er komin í notkun annars staðar, að hjá

Reykjavíkurborg þurfi heilt þróunarteymi til þess að taka viðtöl vegna þessa? Það er alveg sama hvað ÞON (þjónustu- og nýsköpunarsvið) tekur sér fyrir hendur, það er eins og það þurfi alltaf að finna upp hjólið áður. Það ætti að vera löngu ljóst að rafrænar undirskriftir eru framtíðin og þess vegna hægt að innleiða það hjá borginni eins og annars staðar þar sem lausnin er fyrir löngu komin til að vera.

Karen María Jónsdóttir, Þróstur Sigurðsson, Friðþjófur Bergmann, Styrmir Erlingsson og Pálína Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 28. janúar 2022, þar sem styrkir menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs til menningarmála árið 2022 eru lagðir fram til kynningar. MOF21110002
22. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 15. janúar 2022, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innvistingu verkefnisins stafræn umbreyting og sundurliðun verkþátta, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 14. október 2021. PON21110089

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur undanfarið ár ítrekað verið að benda á að ekki virðist allt með felldu í vegferð stafrænnar umbreytingar undir stjórn þjónustu og nýsköpunarsviðs. Skýringar sem fram koma í þessu svari segja allt sem segja þarf. Þarna kemur skýrt fram að í stað þess að líta til þeirra borga sem lengst eru komnar í stafrænni umbreytingu, ákváðu stjórnendur þessa sviðs að líta frekar til stórra þjónustufyrirtækja á borð við banka og tryggingafélög. Fyrir utan það að leita ekki fyrirmynda til þeirra borga sem lengst eru komnar í stafrænni umbreytingu, er því haldið fram að Reykjavík sé á einhvern hátt lengra komin en aðrar borgir í stafrænni umbreytingu. Þetta er ekki rétt. Í þessu svari sviðsstjóra eru settir fram langir listar erlendra sem innlendra ráðgjafafyrirtækja sem greinilega virðast vera komin með eitthvað úrslitavald yfir bæði ráðstöfun útsvarspeninga Reykvíkinga sem og því hvaða borgarstarfsmenn haldi vinnunni sinni og hverjir ekki. Það er auðvitað ótækt að eitt svið borgarinnar skuli hafa komist upp með það árum saman að reka sig líkt og þjónustufyrirtæki á einkamarkaði með fullu samþykki núverandi meirihluta. Staðreyndin er nefnilega sú að ef þjónustu- og nýsköpunarsvið væri raunverulega einkafyrirtæki, væri það fyrir löngu komið á hausinn.

23. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. febrúar 2022, varðandi svar Vegagerðarinnar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna Fossvogsbrúar, sbr. 58. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. desember 2021. MSS21120223

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Kærunefnd útboðsmála felldi fyrri hönnunarsamkeppni um Fossvogsbrú úr gildi á grunni þess að skilmálar útboðsgagnanna samrýmdust ekki ákvæðum laga um opinber innkaup. Er það afleið stjórnsýsla enda er skaðabótakrafa komin til meðferðar. Umsýslukostnaður, ut anumhald og vinna dómnefndar við Fossvogsbrú er farinn að hlaupa á milljónum og stendur nú í rúmum 30 milljónum. Það er vel í lagt.

24. Lagt fram svar samninganefndar vegna viðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða, dags. 24. janúar 2022, við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fundargerðir samninganefndar við olíufélögin, sbr. 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. desember 2021, sbr. 41. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. janúar 2022 og sbr. 36. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. janúar 2022. MSS21120126

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er forkastanlegt að kjörnir fulltrúar sem skipa framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, borgarráð, skuli ekki fá upplýsingar um samningaviðræður, sem varða tugi milljarða króna og fullyrt er að „samningaviðræðum sé ekki lokið og að brýn þörf sé á að trúnaður ríki um efni gagnanna.“ Það er brýn þörf á því að þeir sem skipi borgarráð séu upplýstir um samningaviðræður áður en samningar eru afgreiddir. Hér er því málinu snúið á haus og sérhagsmunir teknir fram yfir almannahagsmuni.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nýtt samráð olúfélaganna við Reykjavík – leyndarhyggja borgarstjóra. Borgarráði er neitað um fundargerðir samninganefndar Reykjavíkur og olúfélaganna í bensínstöðvartíðum á grunni þess að umbeðin gögn eru vinnugögn í skilningi upplýsingalaga. Það stenst enga skoðun því fundargerðir sveitarfélags við aðila út í bæ geta aldrei verið vinnugögn. Enda segir í 2. mgr. 8. gr., tölulið 1 í upplýsingalögum að vinnugögn eru ekki undanþegin upplýsingarétti þegar endanleg ákvörðun um afgreiðslu máls liggur fyrir. Í samningunum var upplagið „einn fyrir alla – allir fyrir einn“ því allir samningsaðilar fengu sama gjafagjörningasamninginn. Borið er við að félögin séu skráð á markað og gögnin varði mikilvæga viðskiptahagsmuni þeirra. Það stenst heldur ekki skoðun því nú er búið að upplýsa um hvaða lóðir liggja undir og hver gjafagjörningurinn er. Leyndarhyggjan nær hér algjöru hámarki. Hvað er verið að fela? Hvað þolir ekki dagsljósið?

25. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. janúar 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um upprunalega lóðasamninga vegna samnings við rekstraraðila bensínstöðva, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. janúar 2022. MSS21120126

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú hafa lóðaleigusamningar sem liggja til grundvallar olúfélagssamráðs við Reykjavík verið birtir í heild sinni. Eins og sést þá eru lóðaleigusamningarnir eins mismunandi og þeir eru margir og þá sérstaklega tímalengd samninganna. Borgarstjóri hefur fullyrt að bensínstöðvartíllinn hafi sprottið upp úr því að allir lóðaleigusamningar væru lausir eða að losna. Þar fer borgarstjóri með mikil ósannindi án þess að hika. Sem dæmi má nefna eru 37 ár eftir af leigusamningi á Egilsgötu 5 og 23 ár eru eftir af leigusamningnum á Birkimel 1 svo dæmi sé tekið.

26. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. janúar 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun borgarinnar á lóð við Ægisíðu 102 til Festi, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. janúar 2022. MSS22010309

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um hvort það geti verið að verðmæti lóðarinnar séu tveir milljarðar og ef svo er af hverju er ekki beðið með lóðaúthlutun eftir að borgin hefur leyst lóðina til sín sem getur gerst eftir fimm ár. Málið snýst ekki bara um hugsanlegan tveggja milljarða hagnað Festi, heldur um hvort verið sé að færa Festi verulegan hagnað, þótt hann verði ekki tveir milljarðar. Fulltrúa Flokks fólksins finnst eins og verið sé að veikja samningsstöðu borgarinnar með því að fullyrða að kostnaður við uppkaup á eignum, rífa og fjarlægja stöð og hreinsa jarðveg gæti verið á bilinu 400-600 milljónir. Þessi tala er ágiskun og gíska mætti alveg eins á 50-100 milljónir. Það er ekki fyrr en á síðari stigum sem það kemur í ljós hver hagnast og um hvað mikið.

27. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 12. janúar 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um netöryggismál Reykjavíkurborgar, sbr. 62. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. desember 2021. MSS21120233

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst margt einkennilegt í þessu svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Í svari kemur til dæmis fram að deildarstjóri kerfisstjórnar og tæknireksturs sinni líka meðfram því starfi stöðu öryggisfulltrúa. Hafa ber í huga að staða öryggisstjóra sviðsins var lögð niður árið 2020 og þáverandi öryggisstjóri sviðsins rekinn í miðju COVID ásamt hátt í tíu öðrum starfsmönnum þessa sama sviðs. Fulltrúa Flokks fólksins telur það mjög undarlega ákvörðun að öryggisstjóra sviðsins sé sagt upp og staðan lögð niður og deildarstjóri kerfisreksturs og tæknilausna fengið hlutverk öryggisstjóra samhliða öðrum verkum. Sérstaklega þegar öryggisbrestur í tölvukerfum Reykjavíkurborgar gæti mögulega haft áhrif á 1/3 hluta landsmanna, eins og kemur fram í svari ÞON (þjónustu- og nýsköpunarsviðs). Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af þessum málum og óttast að nú hafi ÞON ekki yfirsýn að öllu leyti yfir hvaða hugbúnaður er í notkun eða hvar gögn eru geymd. Ef ekki ÞON þá hver? Er þetta kannski mál sem Persónuvernd þarf að skoða? Einnig stingur það í augu að æðsti yfirmaður beri ábyrgð á viðhaldi gæðaskjala. Hér er kallað eftir fagmennsku en ekki bara reddingum. Persónulegar skoðanir skipta ekki máli þegar svo mikið er undir.

28. Lögð fram fundargerð aðgengis- og samráðsnefndar frá 20. janúar 2022. MSS22010025

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðarinnar:

Fram fer kynning á styðjandi gæðaeftirliti með þjónustu við fatlað fólk. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þessi vinna bæði jákvæð og afar mikilvæg. Gæðaviðmið þurfa að vera til til þess að hægt sé að átta sig á hvort þjónustan sé að skila tilætluðum árangri að mati þeirra sem þiggja þjónustuna. Gæðaviðmiðin eru fjögur: samskipti og traust, hvort þjónustan er örugg og sjálfræði er síðan rauður þráður í gæðaviðmiðunum og áhrif notandans á þjónustuna. Þessi viðmið og staðlar þyrftu nauðsynlega að koma inn í alla þjónustu sem borgin veitir borgarbúum.

29. Lagðar fram fundargerðir innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 20. og 27. janúar 2022. MSS22010006

30. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háleitis- og Bústaðahverfis frá 27. janúar 2022. MSS22010030

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir þá ánægju sem fram kemur undir þessum lið og lúta að breytingatillögum við Bústaðaveg. Enn er þó margt óljóst í því máli. Meirihlutinn hefur lofað að hverfa frá þéttingaráformum við Bústaðaveg eða eins og fram kom í fréttatilkynningu að leggja til hliðar hugmyndir um þéttingu byggðar við Bústaðaveg. Mikil óánægja kom einnig fram í Gallup könnun með aðrar tillögur sem snúa að Múlum, Háaleiti, Gerðum, Hvassaleiti og Smáíbúðahverfinu. Það vantar að skýra þetta mál allt miklu betur að mati fulltrúa Flokks fólksins. Það vantar einhvers konar punkt á þetta mál.

31. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Vesturbæjar frá 19. janúar 2022. MSS22010034

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðarinnar:

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar fór fram umræða um tillögu að deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Sörlaskjól og Faxaskjól. Fulltrúi Flokks fólksins vill í þessu sambandi koma gagnrýni íbúa í Vesturbæ á framfæri um að það eigi að fara í framkvæmdir á grænu svæði við ströndina. Um er að ræða ströndina við Sörlaskjól og Faxaskjól. Borist hafa athugasemdir sem sjálfsagt er að hlusta á og reyna í kjölfarið að finna milliveg. Samkvæmt fjölmiðlum er nú búið að samþykkja, þvert ofan í vilja íbúa, að malbika tvöfaldan stíg yfir þetta svæði og jafnvel yfir mjótt grassvæði sem liggur nánast ofan í fjöru við Sörlaskjól. Framkvæmd af þessu tagi þarf að vera gerð í sátt við íbúana eins og kostur er. Fram hefur komið að íbúar þarna hafa áður lent í því að verktakar fá samning til að fara í framkvæmdir á þessu svæði án þess að samráð sé haft við íbúana.

32. Lagðar fram fundargerðir neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar frá 24. og 31. janúar 2022. MSS22010059
33. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 26. janúar 2022. MSS22010018
34. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 2. febrúar 2022. MSS22010010 B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 13. lið fundargerðarinnar:

Ársskýrsla skipulagssviðs. Þessi samantekt staðfestir þann vanda sem borgin glímir við í húsnæðismálum. Um 61% byggingarleyfisumsókna er frestað vegna athugasemda og eða ófullnægjandi gagna. Af þessu má sjá og skilja pirring margra umsækjenda sem kvarta yfir að ferlið allt taki óheyrilegan tíma ef eitthvað þarf að bæta í gögn eða laga. Það vantar almennt meira framboð af nýjum íbúðum og þess vegna hefur verðbólgan rokið upp. Verðhækkanir eru m.a. tilkomnar vegna framboðsskorts. Húsnæðisvandinn er heimagerður vandi.

35. Lögð fram fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 17. desember 2021. MSS21120160
36. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 16 mál. MSS22010041

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 9. lið yfirlitsins:

Fulltrúi Flokks fólksins vill draga athygli að bréfi umboðsmanns barna þar sem hún minnir á að mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku sem snerta börn. Segir í bréfinu að umboðsmaður barna fái reglulega ábendingar sem snúa að ákvörðunum sveitarfélaga og hvort þær samræmist hagsmunum og réttindum barna. Umboðsmaður barna áréttar í bréfi sínu að sveitarfélögum beri skylda til að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana á börn sem teknar eru á vettvangi þeirra, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku. Nýlega lagði fulltrúi Flokks fólksins fram tillögu um að skipaður yrði stýrihópur sem greindi og legði mat á hvað þurfi til til að Reykjavík geti farið í innleiðingarferli á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna líkt og gert var í Kópavogi. Í kjölfarið yrði stefnt að því að fá afhenta viðurkenningu og vera þar með komin í hóp barnvænna sveitarfélaga en hugmyndafræði þeirra byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

37. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka

2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS22010057

38. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Nýlega voru gerðir samningar við olúfélögin þrjú um byggingarrétt á bensínstöðvum fyrir milljarða króna. Var það gert óháð því hvort viðkomandi bensínstöð væri með útrunninn lóðarleigusamning eða hvort langur leigutími væri eftir. Á sama tíma hefur Malbikunarstöðinni Höfða verið gert að skila atvinnulóð sinni í Reykjavík án endurgjalds og þurft auk þess að skila fasteignum sínum til borgarinnar án endurgjalds. Hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með gildan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg? Þá er enn fremur óskað eftir upplýsingum um hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg sem er útrunninn. Að endingu er spurt hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með engan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg. MSS22020058

Vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs, eignaskrifstofu.

39. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Fasteignagjöld eru 0,18% af fasteignamatí íbúðarhúsnæðis. Gjöldin leggjast á verðmæti eigna án tillits til skuldastöðu eigenda. Fólk sem á 20% í íbúðinni sinni greiðir t.a.m. það sama og þau sem eiga sína íbúð skuldlaust. Fasteignagjöld eru þannig skattur á skuldir hinna skuldugu. Fulltrúi Sósíalista spyr: Hversu mikið myndi þurfa að hækka skattprósentu fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði, ef sett yrðu inn skattleysismörk upp á 10 m.kr., 15 m.kr. og 20 m.kr. hreina eign hvers einstaklings? Hvað myndi skattprósentan þurfa að hækka mikið miðað við þessi ólíku mörk, til að tryggja að tekjur borgarinnar yrðu ekki skertar? MSS22020060

Vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

40. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Óskað er eftir að svohljóðandi tillaga sem vísað var til borgarráðs með öllum greiddum atkvæðum á borgarstjórnarfundi 1. febrúar sl. verði tekin fyrir á næsta fundi borgarráðs sem haldinn verður 10. febrúar nk.: „Borgarstjórn samþykkir að innri endurskoðanda verði falið að skoða og leggja mat á lögmæti samninga Reykjavíkurborgar við olúfélögin sem lagður var fram í borgarráði 22. júní 2021.“ MSS22020061

41. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Samkvæmt svari frá samninganefnd Reykjavíkurborgar við olúfélögin er því hafnað að borgarráð fái fundargerðir af 61 fundi nefndarinnar. Þar segir: „Í 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins, skal sveitarstjórn í samþykkt sinni kveða nánar á um meðal annars rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent tilgreind gögn. Það hefur Reykjavíkurborg gert með setningu ákvæðis 35. gr. í samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, en þar er mælt fyrir um að borgarfulltrúa sé heimilt að kynna sér gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings á skrifstofu borgarstjórnar. Í því sambandi skal áréttað að umrædd gögn eru ekki til afritunar, birtingar, deilingar eða dreifingar.“ Óskað er eftir að Reykjavíkurborg uppfylli þetta lagaákvæði og leggi fundargerðirnar fram á skrifstofu borgarstjórnar. Einnig er óskað eftir að borgarfulltrúar fái tilkynningu með sannarlegum hætti þegar fundargerðirnar hafa borist skrifstofunni til að þeir geti skoðað og kynnt sér samningana fyrir luktum dyrum. MSS21120126

42. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Óskað er eftir að lagðir verði fyrir næsta fund borgarráðs sem haldinn verður 10. febrúar nk. lóðasamningar sem liggja til grundvallar þeim lóðum sem nú hafa verið afhentar Atlantslíu og Skeljungu sem nú á Dæluna til uppbyggingar. Þessar lóðir eru Háaleitisbraut 12 og Lambhagavegur 12. MSS22020055

43. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla. Í desember sl. stóð foreldrafélag Háteigsskóla fyrir rafrænni könnun meðal foreldra og forráðamanna dagana 18.-24. janúar 2022. Alls bárust 142 svör og af þeim er ljóst að mikill meirihluti leggst gegn hugmyndinni um safnskóla, vill að börn Háteigshverfis sækji 1.-10. bekk í sama grunnskólanum innan hverfis og að það sé byggt við Háteigsskóla í stað þess að ætla unglingum hverfisins að sækja sér grunnenntun í öðru hverfi. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvar þetta mál er stadd nú og hvort tekin hafi verið ákvörðun um fyrri fyrirheit um uppbyggingu og stækkun Háteigsskóla þannig að skólinn geti hér eftir sem hingað til þjónað því hlutverki sínu að vera heildstæður hverfisskóli. MSS22020056

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

44. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurnir um leigueignir fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á fundi borgarráðs er birt yfirlit yfir leigueignir og leigusala borgarinnar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Stærstu aðilar (leigusalar) eru Heimavellir, Leigufélagið Bríet og síðan „einkaaðilar“. Einnig Stýrifell ehf., Krissakot ehf., Steinbúð ehf. og E-Fasteignafélag ehf. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvernig leigusalar þetta eru í þeirri merkingu hver er leigan og hvort hún er innan „eðlilegra marka“. Um er að ræða 56 íbúðir. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um leiguverð þessara leigusala og samanburð á leiguverði þeirra á milli. Ekki er endilega farið fram á að leigusamningarnir verði birtir en óskað er eftir eins skýrum svörum og hægt er. Einnig er óskað upplýsinga um hvernig viðhaldi sé háttað og hverjir taka ábyrgð á því og meðtaka kvartanir sem og fylgja þeim eftir. MSS22020062

Vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs, eignaskrifstofu.

Fundi slitið kl. 11:53

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Skúli Þór Helgason
Elín Oddný Sigurðardóttir
Hildur Björnsdóttir

Alexandra Briem
Eypór Laxdal Arnalds
Marta Guðjónsdóttir